



16. árg. 4. töl. 2007. Útgefandi: Ásatrúarfélagið, Siðumúla 15, 108 Reykjavík

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Egill Baldursson — egillb@mmedia.is

Allsherjarþing Ásatrúarfélagins 2007

verður haldið á Hótel Sögu
laugardaginn 27. október nk. (1. vetrardag),
kl. 14 í sal „Stanford“, áður A. Gengið er inn gegnt
Þjóðarbókhöðunni. (Sami salur og síðast)

Á dagskrá verða hefðbundin allsherjarþingstörf:

1. Skýrsla stjórnar og nefnda.
2. Endurskoðaðir reikningar lesnir og bornir upp til staðfestingar.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og nefnda.
4. Kosið í stjórn og aðrar trúnaðarstöður.
5. Önnur mál.

Eftir allsherjarþingið blótum við í Mörkinni 6, mötumst og gerum okkur glatt kvöld enda ærin ástæða til þegar loks hyllir undir endanlega staðsetningu lóðarinnar fyrir hofið. Húsið verður opnað kl. 19. Sjá auglýsingu á næstu síðu.

Fögnum vetri

Blótið fyrsta vetrardag verður helgað dísu og vetrarvættum.
Allsherjargoði helgar blótið og drekkur til vætta.
M.a. verður haustmatur á borðum og uppskera sumarsins.
Kvæðamannahópurinn Bragi kveður vetrarstemmur.
Vættum vetrarins verður blótað og þær blíðkaðar.
Önnur skemmtiatriði.

Blóttollur er 2.500 krónur, en börn í fylgd með foreldrum, 12 ára og yngri, fá frítt.

Vinsamlega greiðið aðgöngumiða tímanlega inn á reikning félagsins (reikn. 0101-26-011444, kt. 680374-0159) Einnig verður hægt að kaupa miða við innganginn á 3.500 kr., en fjöldi slíkra miða hlýtur að takmarkast við innkeypt magn matar. — Takið endilega með ykkur gesti og góða skemmtun!

Vættablót á Vesturlandi

Vættablót var nýlega haldið á Vesturlandi. Jónína K. Berg Þórsnessgoði hélt árlegt haustblót Vestlendinga, að þessu sinni í Hafnarskógi. Blótið var aðalega tileinkað landvættunum. Að blótinu loknu var boðið upp á fjallgrasasúpu, brauð og blóðbergste. Gestkvæmt var á vættablótinu, því auk Vestlendinga kom fólk víðar að og voru þátttakendur yfir 30. Kvæðamannahópurinn Bragi lífgaði upp á kyngimagnaða stemmningu með kveðskap sínum.



Jónína K. Berg, goði Þórsnesinga, blótaði í Hafnarskógi. Jónína les fyrir gesti og handan eldsins stendur Jóhanna Harðardóttir Kjalnesingagoði.

Atgeir Gunnars Hámundarsonar

Þegar minnst er á atgeir þá dettur flestum í hug vopn sem lítur út fyrir að vera sambræðingur af spjóti og exi eða það sem í daglegu tali er nefnt *bryntröll* og sjáum við dæmi um slíkt *bryntöll* á stytta Ingólfs Arnarsonar. Einnig eru sýndar ýmsar myndir af slíku vopni á mörgum stöðum s.s. Sögusetrið á Hvolsvelli og í teiknimyndabókum o.fl., þar sem fjallað er um Brennunjalssögu og Gunnar Hámundarson. Fæstir vita þó að fyrstu gerðir af þessu vopni, þ.e. *bryntöll* kemur ekki fram í Evrópu fyrr en seint á þrettánda öld og nefnist á ensku „*poleaxe*“, svo er til „*polearm*“, „*halberd*“, „*bardiche*“, „*spetum*“, „*partisan*“, „*voulge*“, „*guisarme*“ og „*ranseur*“ svo eitthvað sé nefnt. Þessi vopnategund var einkum ætluð til notkunar af fótgönguliðum gegn riddurum. Vopnið sem t.d. sést á stytta Ingólfs kemur ekki fram á sjónarsviðið fyrr en á fimmtánda öld en þá voru Ingólfur Arnarsson og kapparnir í Brennunjalssögu öldum áður gengnir á vit forfeðra sinna.

Í Njalssögu segir að atgeirinn hafi hentað jafnt til höggs sem stungu, að Gunnar hafi farið stangarstökk á bak hesti sínum og notað til þess atgeirinn, einnig getað hafið menn á loft eftir að hafa rekið þá í gegn með þessu vopni og kastað þeim út í Rangá. Gunnar stakk atgeirnum upp í gegn um þekjuna á húsi sínu í einn andstæðinginn í lokabardaga sínum, en slíkt tel ég ógerlegt með því vopni sem menn hafa í huganum hingað til gert sér mynd af, þ.e.a.s. klossuðu *bryntrölli*.

Eftir að hafa kannað hin ýmsu vopn miðalda og síðmiðalda, athugað á hvaða tíma þau komu fram og voru í notkun þá hallast ég meir og meir að því að atgeirinn hafi verið það sem á enskri tungu nefnist „*Glaive*“. „*Glaive*“ sem hefur um 50–55 cm langt blað sem staðsett er á endanum á 180–210 cm löngu skafti og vegur u.þ.b. 2,5 kg eða meira. Útgáfur á útliti og lögun blaðsins getur verið mismunandi en allar eiga þær það sameiginlegt að blaðið er hnífs- eða sveðjulaga. Það gefur augaleið að slíkt vopn hentar jafnt til höggs sem stungu.

Atgeirinn í Njalssögu hefur í enskum þýðingum venjulegast verið nefndur „*halberd*“, en stundum „*bill*“ eða „*javelin*“. Í öðrum kafla Gísla sögu Súrssonar segir að Gísli hafi notað *höggspjót* sem einnig hefur verið þýtt sem „*halberd*“. Í 66. kafla Grettis sögu er sagt frá því þegar tröll, í viðureign sinni við Gretti notar *flein* sem venjulegast hefur verið kallaður „*pike*“ í enskum þýðingum sögunnar. Vopnið er einnig kallað *heftisax*, en það þekktist ekki annars staðar í sögum. Sagan segir að vopnið hafi verið með tréskafti og hafi hentað jafnt til höggs og stungu. 30. kafla Harðarsögu Hólmverja segir frá því er Hörður kastaði *gaflak* að manni og banaði honum. Í 53. kafla Egilssögu er nákvæm lýsing á *brynþvara* sem hefur verið þýtt á ensku sem „*halberd*“. Egill Skallagrímsson notaði *kesju* í nokkrum tilvikum (eins og í 58. kafla Eglu) sem hefur einnig verið þýtt á ensku sem „*halberd*“. *Bryntröll* kemur fyrir í 37. kafla Laxdælu, en þar segir frá því þegar Hrútur hjó á milli herða Eldgríms með *bryntrölli*.

Hvort heitin *atgeir*, *kesja*, *höggspjót* eða *heftisax* og önnur nöfn séu mismunandi heiti á sambærilegu vopni er ekki vitað.

Talið er í dag að atgeirinn liggi á botni Breiðafjarðar, úti fyrir Skor en hann er sagður hafa verið í farangri Eggerts Ólafssonar skálds, sem fórst á Breiðafirði 30. maí 1768.

Og nú spyr ég, er það gerlegt með nútímatækni að leita að atgeirnum?

Jóhannes Levy

Frá lögsögumanni

Nú er starfsárið senn á enda og ekki farið að teikna hof, hvað þá heldur að byggja. Flestar yfirlýsingar hér í fréttabréfinu á starfsárinu um gang lóðarmála, hafa því miður byggst á óraunhæfum upplýsingum. Góðu fréttirnar eru þó þær að á meðan vex hofsjóðurinn.

Í desember vorum við látin halda að lóðin yrði á því svæði þar sem skóflustungan var tekin.

Ekki er mér kunnugt um hvenær fyrsti fundur allsherjargoða vegna lóðarmálsins var með borginni en Magnús Jensson arkitekt bauðst til að aðstoða þegar undirbúningsteikninga var þörf.

Fyrsti fundur minn um lóðarmálið var í vor með Yngva Þór Loftssyni skipulagsarkitekt sem vinnur fyrir borgina.

Það var ekki fyrr en í júní að ég átti fund með borgarstarfsmanninum Birni Axelsyni sem sagði að flugmálaráð væri að fjalla um málið. Var á þeim fundi ákveðið að undirritaður, ásamt Magnúsi Jenssyni arkitekt, færi á fund flugmálastjórnar. Þar hittum við fyrir Hermann Hermannsson, sem upplýsti okkur með greinargóðum útskýringum að lóðin sem við töldum okkur hafa fengið kæmi ekki til greina undir byggingu.

Þá var komið fast að sumarfríum borgarstarfsmanna og ekkert hægt að aðhafast fyrr en í ágúst. Reynt var að fá fund með borgarstjóra en það var ekki fyrr en 20. ágúst sem ritari hans boðaði fulltrúa Ásatrúarmanna á fund með stuttum fyrirvara. Ásamt mér mættu allsherjargoði og Magnús Jensson.

Borgarstjóri tók okkur vel, og þann 29. september hittum við Hilmar Örn hann aftur og tók borgarstjóri vel í þá hugmynd um að flytja lóðina niður undir ströndina sunnan við göngu- og hjólreiðastíginn. Samkomulag var gert um að ásatrúarmenn færu á fund Birgis H. Sigurðssonar sviðsstjóra skipulags- og byggingarsviðs og greindu honum frá málinu. Áður en til þess kom áttum við fund með Birni Axelsyni og Yngva Þór Loftssyni sem færðu okkur yfir stíginn og upp í hlíðina, og að athuguðu máli þótti okkur það ágætur kostur. Boðaður var nýr fundur þegar fréttabréfið var í prentun og gerum við okkur vonir um að þar verði hægt að reka smiðshöggid á þetta ævintýralega lóðarferli. Það skal þó áréttað hér að Yngvi (sem skipulagsarkitekt), vill okkur heldur í Leynimýrina, við duftkirkjugarðinn, en það er borgin sem ræður.

Á allsherjarþinginu liggur þetta vonandi ljóst fyrir svo hægt verði að snúa sér að næsta lið, þ.e. teikningunni og svo byggingunni sjálfri.

Ég vek sérstaka athygli á því að allsherjargoðinn Hilmar Örn Hilmarsson verður með samræðuhóp um hinn forna sið í nóvember. Dagssetning verður nánar auglýst á heimasíðunni: www.asatru@asatru.is. Ásatrúarfélagið hefur gefið út *Hávamál*, annars vegar bundin í regsin og hins vegar 99 eintök prentuð á sérstakan pappír, bundin í alskinn, töluset og árituð. Félagssíminn okkar er 561-8633 og svarað er í hann milli 14 og 16 á týsdögum og þórsdögum, en opið hús er á laugardögum á sama tíma. Einnig vil ég benda á að reikningar félagsins eiga að liggja fyrir viku fyrir þingið.

Egill Baldursson